

Nd.

**332. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Hálfán Sveinsson, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalyðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. samhljóða þessu var flutt á tveim síðustu þingum, en varð ekki útrætt.

Árið 1961 sömdu nokkur verklyðsfélög um það við atvinnurekendur að greiða 1% af kaupum verkamanna í sjúkra- og styrktarsjóð félaganna. Síðan hafa flest verklyðsfélög á landinu samið um og stofnsett sinn sjúkra- og styrktarsjóð á hliðstæðan hátt.

Umsamin framkvæmd innheimtunnar er almennt á þá lund, að vinnuveitandinn heldur eftir 1% af kaupum verkafólks og á síðan að skila því fé í árslok til hlutaðeigandi félags. Á þessu hefur víða orðið misbrestur, svo að til vandræða horfir. Hér skal tekið aðeins eitt dæmi af liðlega 500 manna félagi. Það á nú útistandandi vangoldnar greiðslur til sjóðsins fyrir árin 1963 og 1964, að upphæð kr. 175000.00. Þeir vinnuveitendur, sem hér um ræðir, höfðu að mestu leyti greitt annan hluta vinnulauna verkafólksins, sem hjá þeim vann, samkvæmt samningum.

Þetta verklyðsfélag greiddi úr sjúkrasjóði sínum á s. l. ári til sjúkra félaga og fatlaðra kr. 132000.00, en tekjur sjóðsins á árinu voru alls kr. 322000.00.

Hér er tvímælalaust um merkilega tryggingastarfsemi að ræða, sem verklyðsfélögin eru að byggja upp af eigin rammleik, án íhlutunar ríkis eða sveitarfélaga. Það er því álit flutningsmanna þessa frumvarps, að Alþingi eigi að leitast við að tryggja, að fé það, sem atvinnurekendur halda eftir af vinnulaunum fólks og sjóðnum ber, sé greitt skilvíslega. Flutningsmenn telja, að það verði bezt gert með því að lögbinda lögtaks- og fjárnámsrétt félögunum til handa við innheimtu þeirra gjalda, sem atvinnurekendur ber að standa skil á til sjóðsins samkvæmt gerðum samningum.

Að lokum skal á það bent, að nú á næstu mánuðum verður gengið til samningsgerðar við flest verklyðsfélög landsins. Það veltur á þjóðarvelferð, að vel takist til um þá samningagerð. Samþykkt þessa frumvarps yrði tvímælalaust talin jákvætt innlegg Alþingis til farsællar lausnar þeirra samninga.